

**Fundargerð 7. fundar  
Framkvæmda- og skipulagsráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
31. janúar 2019 , kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Kristinn Halldórsson, Laufey Erlendsdóttir, Davíð Ásgeirsson, Hafrún Ægisdóttir, Jónas Eydal Ármannsson og Jón Ben Einarsson.

**Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.  
Reynir Ragnarsson og Jón Sigurðsson boðaðu forföll og sátu varamenn þeirra, Hafrún Ægisdóttir og Jónas Eydal Ármannsson fundinn í þeirra stað.

**1. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035**

Áætlun um næstu skref, tímasetningar, kostnaðaráætlun og samkeppnislýsingu, lögð fram til umfjöllunar.

*Ráðið samþykkir fyrirhugaðar áætlanir og vísar málinu til samþykktar í bæjarstjórn.*

**2. Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegar: Tillaga að deiliskipulagi 2018 - 1806454**

Athugasemdafresti vegna deiliskipulagstillögu lauk 28. desember. 7 athugasemdir bárust við tillöguna.

*Ráðið leggur til að umfang fyrirhugaðrar byggðar verði minnkað verulega til að koma til móts við þær athugasemdir sem bárust við tillöguna. Í þessu felst að deiliskipulagstillagan muni einungis afmarkast af norðurhluta svæðisins og nyrðri stofnæð um hverfið. Íbúðargerðir í skipulaginu taka jafnframt breytingum að hluta til. Deiliskipulagstillagan með áorðnum breytingum verður í samræmi við gildandi aðalskipulag ef frá eru talin minni háttar breytingar á mörkum íbúðarbyggðar til norðurs og austurs. Lagt er til bæjarstjórn samþykki fyrirhugaðar breytingar og auglýsi niðurstöðuna í kjölfarið með áberandi hætti auk þess að kynna hana sérstaklega þeim aðilum sem gerðu ofangreindar athugasemdir.*

**3. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024 - Tillaga að breytingu - 1806469**

Athugasemdafresti vegna breytingu á Aðalskipulagi lauk 28. desember. 7 athugasemdir bárust við tillöguna.

*Ráðið leggur til að fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verði frestað með hliðsjón af afgeiðslu 2. máls.*

**4. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 - breytingar - 1812095**

Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja lögð fram til samþykktar.

*Ráðið gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á Svæðisskipulagi Suðurnesja.*

**5. Deiliskipulag á Keflavíkurfluvelli - öryggissvæði - 1901048**

Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar lögð fram til umsagnar.

*Ráðið gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagslýsingu öryggissvæðis*

*Keflavíkurflugvallar.*

**6. Verndarsvæði í byggð - Krókskotstún-Landakotstún Sandgerði - 1806563**

Í framhaldi af bókun í Framkvæmda og skipulagsráði þann 18. september 2018 og opinn samráðsfund í Vörðunni þann 23. október 2018, var á 7. fundi bæjarstjórnar þann 7. nóvember 2018, samþykkt samhljóða að auglýsa tillögu um verndarsvæði í byggð, skv. 5. gr. laga um Verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Auglýsinga- og athugasemdafresti við skýrsluna lauk 18. desember 2018 og bárust okkrar almennar fyrirspurnir auk þess talsmaður landeigenda Landakotslands óskaði eftir að auknum athugasemdafresti. Samþykkt var í bæjarstjórn þann 19. desember 2018 að framlengja athugasemdarfrestinn til 15. janúar 2019. Ein athugasemd barst.

*Ráðið leggur til að skýrslan verði uppfærð m.t.t. athugasemdar sem barst og hún send mennta- og menningarmálaráðherra til staðfestingar.*

**7. Fagurhóll 2, 4, 6 - umsókn um lóð - 1901088**

Fagurhóll Investments ehf. sækir um lóðina Fagurhól 2, 4 og 6 undir byggingu raðhúss.

*Samþykkt*

**8. Fagurhóll 9, 11, 13 - umsókn um lóð - 1901089**

Fagurhóll Investments ehf. sækir um lóðina Fagurhól 9, 11 og 13 undir byggingu raðhúss.

*Samþykkt*

**9. Fagurhóll 16, 18, 20 - umsókn um lóð - 1901090**

Fagurhóll Investments ehf. sækir um lóðina Fagurhól 16, 18 og 20 undir byggingu raðhúss.

*Samþykkt*

**10. Nátthagi 12 umsókn um lóð - 1901096**

Marías Bjarni Viggósson sækir um lóðina Nátthaga 12 undir byggingu frístundahúss.

*Samþykkt*

**11. Fjöruklöpp 6-8 - umsókn um lóð - 1901097**

Andri Björn Tryggvason sækir um lóðina Fjöruklöpp 6-8 undir byggingu parhúss

*Samþykkt*

**12. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022 - 1809099**

Fjárfestingar 2019-2022. Áætlun um fjárfestingar vísað til umfjöllunar í Framkvæmda- og skipulagsráði frá Bæjarráði.

*Lagt fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 18:40.

---

Einar Jón Pálsson

---

Kristinn Halldórsson

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Davíð Ásgeirsson

---

Hafrún Ægisdóttir

---

Jónas Eydal Ármannsson

---

---